

Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur 16. júní 2023

Mál nr. S-8/2023:

Ákærvaldið

(Helgi Jenson lögglustjóri)

gegn

Andra Snæ Sigmundssyni

(Ómar R. Valdimarsson lögmaður)

(Sigurður Freyr Sigurðsson lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

Dómur

Mál þetta sem tekið var til dóms 28. apríl 2023 er höfðað með ákæru lögglustjórans á Vestfjörðum 24. janúar 2023, gegn Andra Snæ Sigmundssyni, [kt. og heimilisfang], „fyrir líkamsárás í [A], með því að hafa aðfaranótt, sunnudagsins 13. mars 2022, á bifreiðastæði utan við hús nr. 2 við [B], [B], veist að [C] og [D] og fyrst slegið [C], a.m.k. eitt hnefahögg í andlitið, með þeim afleiðingum að hún fékk blóðnasir, lítið sár inn í vinstri nös og stirðleika og eymsl á hálsi og síðan slegið [D] a.m.k. eitt hnefahögg í andlitið, með þeim afleiðingum að hún hlaut bólgu í kringum hægra auga, skrámu undir hægra auga og eymsl á nefhrygg, auk þess sem hún féll í jörðina.“

Í ákæru er framangreind háttsemi talin varða við 1. mgr. 217. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í ákæru eru einnig hafðar uppi bótakröfur ofangreindra brotaþola. Endanlegar kröfur þeirra eru að ákærði verði dæmdur til að greiða hvorri fyrir sig 1.000.000 krónur í miskabætur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðbætur frá 13. mars 2022 til 26. maí sama ár og dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar á grundvelli tímaskýrslu lögmanns brotaþola.

Ákærði krefst aðallega sýknu, til vara að honum verði ekki gerð refsing, en að því frágengnu að refsing verði ákveðin svo væg sem lög framast leyfa og verði að fullu skilorðsbundin. Þá mótmælir hann bótakröfum og krefst þess aðallega að þeim verði vísað frá dómi, til vara að hann verði sýknaður af þeim, en að því frágengnu að þær verði

ákvarðaðar að miklum mun lægri. Þá krefst ákærði málsvarnarlauna til handa verjanda sínum, sem greiðist úr ríkissjóði.

Stutt lýsing málsatvika og helstu ágreiningsefni.

Málsatvik eru þau að ákærði kom út af nafngreindum skemmtistað laust eftir lokun staðarins klukkan þrjú að morgni sunnudagsins 13. mars 2022. Var hann í fylgd kærustu sinnar, E. Á bílastæði stutt frá skemmtistaðnum gekk ákærði þar að sem D og C voru að ræðst við en með þeim var einnig vitnið F. D er fyrrum kærasta ákærða. D og C segjast hafa beðið ákærða að láta þær í friði, en ákærði kveðst ekki hafa átt neitt erindi við þær heldur hafi ætlað að huga að vini sínum vitninu F og hafi sagt þeim það. D og C hafi á hinn bóginn brugðist illa við, hrint honum og ausið yfir hann svívirðingum, auk þess sem brotapolinn C hafi slegið hann og skvett úr fullu glasi yfir hann. Hafi séð á honum vegna höggusins. Einnig hafi hann verið sleginn með tösku. Við þetta hafi hann reiðst og sveiflað höndum framfyrir sig og reynt að ýta D og C frá sér. Hann hafi hins vegar ekki beint höggum sínum sérstaklega að þeim en hafi meira slegið út í loftið.

Brotapolar segjast hafa þrábeðið ákærða að fara en þær hafi ekki slegið hann, hvorki utanundir eða með tösku. Hann hafi hins vegar strax eftir að brotapolinn C hafi skvett úr glasi sína á hann, barið hana hnefahöggi í andlitið og hún fengið blóðnasir. Brotapolinn D hafi gengið að ákærða til að stoppa hann en þá hafi hann fyrirvaralaust slegið hana með krepptum hnefa í andlitið og hún fallið í jörðina og misst meðvitund. Þær kannast ekki við að hafa slegið ákærða, en hafa ýtt við honum til að fá hann til að fara.

Eftir þetta blandaði vitnið G sér í málið og reif í föt ákærða og þeir tókust á. Tveir lögreglumenn komu í sama bili á vettvang og skildu ákærða og G í sundur. Lögreglumenn sáu ekki átök milli ákærða og brotapola, en lýstu því að er þeir hafi komið að hafi D legið á jörðinni. Ræddi lögregla stuttlega við ákærða, brotapola og önnur vitni á staðnum og liggur fyrir í málinu frumskýrsla lögreglu sem lýsir aðkomunni og þeim viðtölum. Ekki liggja fyrir í málinu upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna. Auk þeirra sem að framan eru taldir var á staðnum vitnið H, sem ásamt E stóð á lengdar meðan atvik áttu sér stað. Brotapolar fóru þegar á sjúkrahús og liggja fyrir í málinu áverkavottorð þeirra. Skýrslur voru teknar af vitnum hjá lögreglu 14. til 17. mars 2022. Af hálfu lögreglu var sáttameðferð reynd milli ákærða og brotapola 1. apríl 2022 en hún skilaði ekki árangri. Ákærði, brotapolar og vitni voru öll undir áhrifum áfengis, þó þeim

beri ekki saman um hversu miklum. Fyrir liggur að D er fyrrverandi kærasta ákærða, en að hennar sögn lauk því sambandi fyrir fjórum árum. Í málinu liggja fyrir skýrslur vegna viðtala sem brotapolinn D átti við, annars vegar sálfræðing og hins vegar starfsmann geðheilsuteymis [...] til að leita sér aðstoðar, að sögn, vegna afleiðinga þeirrar árásar sem ákært er fyrir.

Sönnunarfærsla fyrir dómi

Ákærði lýsti atburðum svo í skýrslu sinni fyrir dómi að hann hafi ásamt kærustu sinni, E, komið út af umræddum skemmtistað rétt eftir lokun og hafi þau ætlað að leita sér að „eftirpartí“. Rétt á undan þeim hafi gengið vitnið F. F hafi runnið og dottið illa og fengið högg á höfuðið. Hafi hann sjálfur sagt að hann væri hugsanlega með heilahristing. Kvaðst ákærði hafa haft áhyggjur af honum og stutt hann á fætur. F hafi síðan gengið áfram og hafi staðnæmst hjá D og C, þar sem þær hafi staðið á bílplani við nafngreinda verslun við hlið skemmtistaðarins og hafi þau farið að ræða saman. Ákærði og E hafi gengið framhjá, en þau hafi verið að leita að „eftirpartí“. Kvað ákærði að E hafi sagt við hann að D hafi slegið F í andlitið. Ákærði kvaðst þá hafa gengið í átt að brotapolum, og hafi ætlað að huga að F, einkum vegna þess að hann hafi stuttu áður fallið á höfuðið. Hann hafi einnig viljað spyrja F um „eftirpartí“. D hafi brugðist illa við og spurt hann hvort hann gæti ekki látið þær í friði svona einu sinni. Kvaðst ákærði hafa sagt henni að hann væri að tala við F en ekki þær. Fleiri orðaskipti hafi átt sér stað og svo hafi verið ýtt við honum. Hann hafi ekki viljað neitt „vesen“ og hafi sagt að hann vildi aðeins ræða við F. Hann hafi bakkað frá D og C um það bil meter, en síðan gengið aftur að þeim af því að þær hafi verið æstar. Þá hafi C ýtt við honum, D hafi slegið hann með tösku, C hafi slegið hann utanundir og skvett á hann úr glasi. Kvaðst ákærði hafa farið í „sjokk“ og hafi baðað út höndunum, ýtt frá sér og slegið frá sér út í loftið. Hann hafnaði því að hafa slegið til þeirra með krepptum hnefa en kvaðst ekki vita hvort hendur hans hefðu hugsanlega farið í þær þegar hann sló frá sér. Hann kannaðist við að hafa ýtt C frá sér. D hafi þá labbað inni þetta og hafi slegið hann utanundir. Hann hafi brugðist við því með því að ýta D frá sér. Stuttu síðar hafi G blandað sér í átökin og hafi gripið í föt ákærða og sagt: „Maður lemur ekki stelpur“. Kvaðst ákærði hafa svarað „já en veistu hvað þær gerðu við mig“. Lögregla hafi svo komið og skilið þá að. Kvað ákærði lögreglu hafa talað við sig á vettvangi, en síðan hafi hann mátt fara. Nánar aðspurður kvaðst ákærði ekki vera viss um hvort hann hafi lamið brotapola, en hann hafi ýtt frá sér og einnig verið í

miklu uppnámi eftir að fá innihald glassins yfir sig. Aðspurður um hvers vegna framburður hans hefði tekið breytingum frá skýrslugjöf hjá lögreglu kvað ákærði að hann hefði er atburðurinn átti sér stað verið verulega ölvaður og hafi ekki verið búinn að átta sig á því hvað gerst hefði er hann gaf skýrslu stuttu síðar. Síðan hafi hann rifjað atburði betur upp og muni nú betur eftir því sem gerðist heldur en þegar hann gaf skýrslu sína hjá lögreglu 15. mars 2022. Í þeirri skýrslugjöf viðurkenndi ákærði að hafa kýlt C með krepptum hnefa og kvaðst aðspurður ekki rengja að hann hefði kýlt C í andlitið með þeim afleiðingum að hún hefði fengið blóðnasir. Varðandi D kvað hann að þegar hann hefði verið að slá C hafi D gengið inn í átökin. Þegar þær hafi verið orðnar tvær hafi hann verið að slá frá sér, en þær hafi ekki verið neitt ákveðið skotmark. Hann mótmælti því að hann hafi slegið D eða hafi ætlað að slá hana.

Af hálfu ákærða voru lagðar fram tvær ljósmyndir vinstri vanga ákærða sem hann kveður að foreldrar hans hafi tekið af honum daginn eftir atburðinn. Má sjá á myndunum að vangi hans er rauður og á honum rispur, sem virðist hafa blætt úr. Í málinu liggur og fyrir skrifleg yfirlýsing foreldra ákærða sem staðfestir að þau hafi tekið myndirnar á þeim tíma sem ákærði heldur fram. Af hálfu ákærða var því lýst að foreldrar hans hefðu ekki átt heimangengt til að gefa skýrslu við aðalmeðferðina á grundvelli nánar tilgreindra ástæðna.

Skýrsla var tekin fyrir dómi af vitninu E, kærustu ákærða. Hún kvað ákærða hafa verið að skemmta sér á nafngreindum skemmtistað en hún ekki verið með honum. Hún hafi svo farið á skemmtistaðinn rétt eftir lokun og hitt ákærða, þau hafi farið inn í húsið stutta stund til að fara á klósett. Inni í húsinu hafi hún veitt D athygli og fundist hún verulega æst. Aðspurð um ölvunarástand sitt kvaðst hún hafa verið ölvuð en ekki verulega. Ákærði hafi einnig verið ölvaður, en hún hafi oft séð hann ölvaðri. Þau hafi ákveðið að leita að „eftirpartí“ og hafi verið fyrir utan skemmtistaðinn, þegar þau hafi séð F renna til, detta illa og lenda á hnakkanum. Þau hafi hjálpað honum á fætur og gengið af stað með honum. Henni hafi fundist F óstöðugur á fótunum og hafi hann nefnt það sjálfur að hugsanlega væri hann með heilahristing. F hafi síðan gengið til, D og C sem staðið hafi við nálægt hús og verið að tala saman. Vitnið og ákærði hafi haldið för sinni áfram. Þau ákærði hafi verið komin framhjá þeim stað þar sem F, D og C hafi staðið. Kvaðst E hafa séð að D hafi slegið, eða klappað á vanga F og hafi hún sagt ákærða það. Nánar aðspurð kvaðst hún ekki geta fullyrt að um högg hefði verið að ræða. Þetta hefði eins getað verið snerting. Ákærði hafi snúið við og gengið til D, C og F. Hún hafi ekki

farið með honum en fylgst með því sem gerðist úr nokkurri fjarlægð. Hún hafi ekki viljað blanda sér í þetta, en D sé fyrrum kærasta ákærða. Taldi vitnið að D og C hafi verið æstar og hafi heyrt þær krefjast þess að ákærði færi, en hann hafi lyft höndum upp í loftið með lófa fram og sagt að hann hefði ekkert illt í hyggju og vildi bara tala við F. Hún hafi séð að C hafi skvett úr glasi yfir ákærða, en honum hafi greinilega brugðið við þetta og hún hafi séð margar hendur á lofti. Kvaðst hún ekki hafa séð hvort ákærði hafi slegið til D og C í kjölfarið, en hún hafi séð að hann var að baða út höndunum. Hún lýsti því einnig að D hafi að hennar mati verið í töluverðu uppnámi í aðdraganda framangreinds atviks og hafi hún séð til D fyrr á leið út af skemmtistaðnum og einnig þarna er hún hafi staðið á lengdar. Hafi hún upplifað að D hafi verið töluvert æst.

Vitnið C lýsti því svo í skýrslu sinni fyrir dómi að hún, D og F hafi verið á umræddum skemmtistað. Eftir lokun hafi þau gengið frá skemmtistaðnum og verið í djúpum samræðum. Ákærði hafi komið uppað þeim og þær hafi beðið hann að fara, en hann ekki orðið við því og hafi farið að æsa sig. D hafi fært sig aðeins fjær, en C hafi áfram staðið á móti ákærða. Henni hafi þótt óþægilegt að ákærði æsti sig svo og þar sem hann hafi ekki virst ætla að fara hafi hún skvett úr glasi framaní hann. Hann hafi þá slegið hana hnefahöggi í andlitið. Muni hún ekki eftir högginu sjálfu, en muni þegar hnefinn hafi verið á leið í andlit hennar. Er höggið hafi komið á andlit hennar hafi hún gripið um andlit sitt og snúið sér undan. Hún hafi þá heyrt D segja: „Hvað ertu að gera, af hverju ertu að kýla“, eða eitthvað í þá veru. Vitnið hafi ekki séð ákærða kýla D þar sem hún hafi haldið um andlitið á sér og hálfsnúið sér undan. Síðan kvaðst hún hafa séð G koma og veitast að ákærða, en hún hafi farið að og beðið G um að meiða ákærða ekki. Þá hafi hún séð að D hafi legið í jörðinni og farið að henni. Síðan hafi lögreglan komið. Vitnið kvað þær hafi margbeðið ákærða um að fara en hann hafi ekki hlýtt því og verið orðinn nokkuð æstur og hún hafi velt fyrir sér hvað hún gæti gert til að láta hann fara. F hafi labbað með þeim frá skemmtistaðnum og kvaðst hún aðspurð ekki muna eftir að hann hafi dottið. Aðspurð um hvort verið gæti að ákærði hefði bara ætlað að ýta við henni kvað hún það ekki vera. Þetta hafi verið beint og ákveðið högg. Aðspurð um ástand D eftir árásina kvað hún að hún hefði verið í áfalli og hágrátandi. Aðspurð hvort hún hefði slegið ákærða kvaðst hún ekki hafa gert það en hún hafi lagt höndina á brjóstakassa hans þegar hún hafi verið að biðja hann að fara. Hún kvaðst hafa fengið blóðnasir og næstu daga hafi hún verið með höfuðverk og einkenni heilahristings. Aðspurð um hvort glasið sem hún skvetti úr hafi lent í ákærða kvað hún það ekki hafa verið svo. Hún hafi staðið of langt

frá honum til þess. Um hafi verið að ræða plastglas, eins og menn fá þegar þeir fari með drykk með sér út af skemmtistað. Í glasinu hafi verið „breeser“ með vodka úti.

Vitnið D gaf skýrslu fyrir dómi. Lýsti hún því þannig að hún hefði verið að skemmta sér umrætt kvöld með C og F. Er þau hafi, eftir lokun, haldið brott frá skemmtistaðnum hafi þau staldrað við og rætt saman fyrir framan nálægt hús. Ákærði hafi komið til þeirra og hafi verið að spyrja þær um „eftirpartí“, þær hafi ekki vitað um slíkt en sagt honum að elta bara annað fólk sem væri komið lengra frá skemmtistaðnum, en það væri á leið í slíkt partí. Einnig hafi þær beðið hann að fara og láta þær í friði. Það hafi hann ekki gert þrátt fyrir að hafa verið margbeðinn um það og orðið sífellt æstari. Hann hafi verið ögrandi. C hafi loks skvett framan í hann úr glasi. Kvað D að ákærði hefði brugðist við með að slá C í andlitið með krepptum hnefa. Hafi hún strax brugðist við til varnar vinkonu sinni og hafi ýtt við ákærða en hann hafi þá slegið hana í andlitið. Hún hafi séð höggið koma, en muni næst eftir sér þegar hún hafi legið í jörðinni og hafi verið grátandi, en hún teldi sig hafa misst meðvitund um stund. Lögreglu hafi borið að og hún ásamt C hafi fengið aðhlyningu á sjúkrahúsi. Aðspurð um hvort F hefði dottið á leiðinni frá skemmtistaðnum kvaðst hún ekki vita til þess. Aðspurð um áverka kvaðst hún hafa fengið mar, aðallega undir hægra augað en líka vinstra megin og hafi verið mjög aum. Hana hafi verkjað í vinstri helming líkamans, aðallega í öxl og hné og armband sem hún hafi verið með hafi bognað og dottið af. Hún lýsti því að henni hafi orðið mikið um þessa árás frá ákærða, enda hafi hún ekki reynt hann af ofbeldi fyrr. Hún taldi að fyrri áföll sem hún hefði orðið fyrir í lífinu sem hún hafi talið sig að mestu komna yfir hafi við þennan atburð ýfst upp og hafi hún vegna þessa þurft að leita sér aðstoðar sálfræðings og geðheilsuteymis [...], eins og framlögð vottorð beri vitni um.

Vitnið F gaf skýrslu fyrir dómi. Hann kvaðst hafa verið að skemmta sér um kvöldið með C og D, en þau séu vinnufélagar. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við ákærða fyrr um kvöldið á skemmtistaðnum. Eftir að hann, C og D hafi komið út af skemmtistaðnum hafi þau gengið í burtu en staldrað við hjá nálægu húsi en þá hafi ákærði og E verið komin heldur lengra frá skemmtistaðnum. F kvaðst hafa verið að ræða við D. Eitthvað hafi gerst á milli C og ákærða og D hafi spurt hvað væri í gangi og þá hafi ákærði komið að þeim og hafi kýlt D með þeim afleiðingum að hún hafi dottið í jörðina og hafi misst meðvitund. Þetta viti hann af því að hann hafi staðið við hlið hennar og hafi strax snúið sér að því að huga að henni og hún hafi ekki brugðist við fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Nánar aðspurður kvað hann að hann og D hafi verið að tala saman nokkuð

fyrir aftan ákærða, E og C. Hann hafi séð útundan sér að C hafi skvett úr glasi yfir ákærða og hann hafi brugðist við með því að ýta við henni. Þetta hafi hann séð útundan sér og kvaðst telja að ákærði hafi ýtt við C en þar sem hann hafi ekki verið að horfa beint á þau gæti hann ekki fullyrt það, en hann teldi samt að svo hefði verið. Eftir þetta hafi ákærði komið að þeim D og hafi kýlt D. Þá hafi F verið alveg við hlið D og þegar hún hafi dottið hafi hún rekist utan í hann. Ákærði hafi slegið D með krepptum hnefa hægri handar og hafi höggið lent á hægri hlið höfuðs hennar. Höggið hafi verið tilefnislaust og hafi að hans mati ekki getað verið óvart. Hún hafi fallið vegna höggsins og hafi F farið að huga að henni en hún ekki svarað fyrr en eftir nokkurn tíma. Lögregla hafi komið á svæðið strax í kjölfarið. Hann kvaðst hafa séð að C hafi verið með blóðnasir eftir þetta. Hann hafi séð nokkrum dögum síðar að D hafi verið marinn í andliti. Aðspurður um tengsl sín við ákærða kvaðst hann hafa verið í skóla með ákærða. Þetta sé lítil bær og allir þekki alla. Aðspurður um hvort hann hefði séð C ýta við ákærða eða ákærða sleginn með tösku kvaðst hann ekki muna eftir slíku. Hann kannaðist ekki við að hafa dottið. Þá gat hann ekki sagt neitt um hvað C og ákærða fór á milli áður en hún hafi skvett úr glasi sínu á hann. Þá var borinn undir hann framburður hans hjá lögreglu um að ákærði hefði annaðhvort kýlt C eða ýtt henni frá með þeim afleiðingum að hún hafi fengið blóðnasir. Staðfesti F að þetta væri rétt eftir honum haft.

G gaf skýrslu fyrir dómi. Hann kvaðst hafa verið á staðnum og hafa verið drukkinn. Þá kvaðst hann ekki vera minnugur og langt væri liðið frá atburðum. Eftir lokun skemmtistaðarins hafi ákærði verið að tala við C og D og hann hafi annaðhvort viljað eitthvað frá þeim eða hafi verið að stríða þeim og hafi verið að ýta í þær. Þær hafi verið að reyna að fara burt frá honum, en á endanum hafi D skvett á hann og þá hafi hann kýlt hana. Lögreglan hafi komið stuttu síðar. Kvaðst hann hafa staðið nokkuð frá þeim þegar þetta hafi átt sér stað og hafi ekki viljað blanda sér í þetta. Þær hafi verið að reyna að ýta ákærða burt, þau hafi farið að rífast og farið að kalla hann nöfnum og svo hafi ákærði ýtt í D og þá hafi hún skvett á hann og ákærði hafi kýlt hana. C hafi líka verið að reyna að ýta ákærða í burtu, annars hafi hún ekki verið að gera neitt slæmt, en hafi verið að reyna að róa báða niður. Eftir að ákærði hafi kýlt D kvaðst G hafa hlaupið að honum og gripið í hann og hafi ætlað að meiða hann, en sem betur fer hafi lögregla komið og skilið þá að. C hafi einnig reynt að róa G niður og hafi beðið hann að meiða ekki ákærða. Aðspurður um hvort þær hafi verið að ýta í ákærða kvað G að það hafi verið eitthvað en meira þannig að ákærði hafi verið að ýta í þær og þær að reyna að komast í burtu. Hann

kvað einnig aðspurður að D hafi dottið í jörðina þegar ákærði hafi kýlt hana. Skýrsla G hjá lögreglu var borin undir hann, sérstaklega það að í skýrslunni er eftir honum haft að ákærði hafi kýlt C. Kvaðst hann ekki hafa sagt það og kvaðst þess fullviss að hann hefði ekki séð ákærða slá C og að það hafi verið D sem hafi skvett á ákærða og hann síðan kýlt hana. Upplýsti vitnið að þegar hann hafi gefið skýrslu hjá lögreglu hafi hann verið mjög þreyttur og hafi einnig verið búinn að drekka nokkuð áfengi og kvað hann að þetta hafi getað haft áhrif á vitnisburð hans þar.

Þá gaf skýrslu fyrir dómi vitnið H. Hann kvaðst lítið muna af atburðum, enda væri langt um liðið og hann ekki leitt hugann að þessu atviki fyrr en lögregla hafi boðað hann til skýrslugjafar fyrir þremur dögum. Lýsti hann því í frjálstri frásögn að hann teldi að ákærði og D hafi farið að rífast og ákærði hafi slegið glas úr hendi hennar og ýtt henni frá sér þannig að hún hafi fallið á jörðina, eða slegið hana með þeim afleiðingum. Hann kvaðst ekki muna aðspurður hvort C hafi skvett úr glasi á ákærða. Hann staðfesti þó að C, D og ákærði hafi staðið nálægt hvert öðru þegar atvikið hafi átt sér stað, en H hafi staðið við hlið F og verið að ræða við hann.

Vitninu var þá boðið að lesa yfir lögregluskýrslu sína og staðfesti hann að þar væri rétt eftir honum haft og að í skýrslunni væri atvikum rétt lýst. Kemur fram í umræddri skýrslu að H hefði séð ákærða slá C í andlitið þannig að hún hafi fengið blóðnasir, en síðan að ákærði hafi slegið D þannig að hún hafi fallið í jörðina. Í skýrslu sinni fyrir dómi kvaðst H þó ekki muna nú eftir því að hafa séð blóðnasir á C. Hann kvaðst telja að hann hafi munað atburði betur er hann gaf skýrslu hjá lögreglu og að hann teldi að þar hafi hann sagt rétt frá.

Þeir tveir lögreglumenn sem komu á vettvang gáfu skýrslu fyrir dóminum en mundu lítið af atvikum og vísuðu til frumskýrslu. Þá komu fyrir dóminn þeir lögreglumenn sem rannsökuðu málið og staðfestu skýrslur sínar.

Í nefndri frumskýrslu er stuttlega bókaður framburður ákærða, C, D og F. Er haft eftir ákærða að hann hafi farið til D og F en þær beðið hann að fara. Þær hafi orðið æstar og hafi slegið hann í andlitið. Hafi hann svarað fyrir sig með því að ýta þeim til baka. Bókað er að ákærði hafi verið undir töluverðum áhrifum áfengis og að framburður hans hafi verið ruglingslegur.

Eftir C er haft að hún og D hafi verið að ræða saman þegar ákærði hafi farið að ónáða þær Hafi ákærði orðið æstur þegar þær hafi beðið hann að fara og lagt hendur á D. Hafi C þá skvett úr glasi á ákærða, sem hafi þá slegið hana í andlitið. Kemur fram í

skýrslunni að mátt hafi sjá ákomu á vinstri vanga C. Þá er haft eftir C að D hafi reiðst við þetta og hafi slegið ákærða í andlitið, en ákærði hafi svarað með því að slá D með krepptum hnefa í andlitið. Við þetta hafi D fallið í jörðina og aðrir aðilar stigið inn á milli þeirra og ákærða. Þá er þess getið að framburður D hafi verið á sama veg, en til viðbótar hafi hún sagt að hún hefði misst meðvitund um stund við höggið frá ákærða og muni hún næst eftir sér þegar hún liggja á jörðinni og C hafi verið að huga að henni. Um framburð F er bókað að hann hafi borið á sama veg og C og D, en þess er einnig getið að hann hafi verið undir töluverðum áhrifum áfengis.

D og C leituðu á heilsugæslu strax í kjölfar atburðanna og liggja fyrir í málinu áverkavottorð lækni. Kemur þar fram að C hafi verið með blóðnasir og sýnilegt lítið sár í vinstri nös. Segir svo að hún hafi farið úr kjálkalið í körfuboltaleik fyrr um daginn og sé hún þess vegna með mar vinstra megin á höku og sé aum í vöðvafestum við hnakkavöðva. Ekki hafi verið sýnilegir áverkar á líkama.

Í vottorði D kemur fram að hún sé með áverka á hægri auga og með bólgu í kring um augað, ásamt skránum undir auganu. Vænta megi að það komi út mar á þessu svæði næsta dag. Eymisli séu eftir högg, en ekki sé grunur um brot á andlitsbeinum. Ekki séu áverkar á nefi.

Ofangreind vottorð eru rituð af I lækni. Hún gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti vottorðin og svaraði spurningum um efni þeirra. Ekki þykir nauðsynlegt að rekja framburð hennar, utan þess að hún kvað sár það sem verið hafi í nefi C hafa borið með sér að blætt hefði úr því nýlega, sem samræmdist því að hún hafi fengið það við högg stuttu áður. Hún kvaðst þó aðspurð ekki geta fullyrt að sárinu hafi ekki verið valdið af öðrum orsökum, en taldi fyrrnefnda skýringu þó líklegasta.

Í málinu liggja fyrir vottorð J sálfræðings dagsett 22. apríl 2023, sem og vottorð K starfsmanns geðheilsuteymis [...] dagsett 30. mars 2023 varðandi D. Báðar staðfestu þær vottorð sín fyrir dómi og svöruðu spurningum um efni þeirra. Efni vottorðanna verður rakið eins og þurfa þykir við umfjöllun um bótakröfu.

Málsatvik, málsástæður og lagarök ákærða, eins og þau koma fram í greinargerð hans:

Í greinargerð ákærða er málsatvikum lýst á þá leið að ákærði hefði ætlað að kanna með líðan vinar síns (vitnisins F) þar sem hann hefði stuttu áður runnið til og fallið á höfuðið og í kjölfarið verið óstöðugur á fótum. Þegar ákærði hafi gengið að F hafi hann

verið hjá D og C. Hafi komið til orðaskipta milli ákærða, D og C og hafi þær m.a. sagt „getur þú ekki látið okkur bara í friði, einu sinni“ og hafi þær ýtt við honum. Ákærði hafi ekki skilið hvers vegna D og C hafi veist að honum með þessum hætti, en í framhaldinu hafi leikar farið að æsast og atлага ætlaðra brotþola hafi orðið alvarlegri. Þær hafi ýtt harkalega við honum og ausið yfir hann svívirðingum. Ákærði hafi reynt að forðast áflog og hafi bakkað frá og lyft upp höndum til þess að gefa til kynna að hann hefði ekkert illt í hyggju. Ákærði hafi þarna verið rólegur, enda kominn í þeim eina tilgangi einum að kanna með ástand vinar síns, F, sem hann hafi haft umtalsverðar áhyggjur af. Þrátt fyrir tilraunir ákærða til að forðast átök, hafi hann orðið fyrir því að annar ætlaður brotþoli eða báðir hafi ráðist harkalega að honum, skvett framan í hann heilu glasi af áfengi og slegið hann harkalega í andlitið með þeim afleiðingum að hann hafi hlotið sjáanlegan áverka á hægri vanga. Samhliða þessu hafi hann orðið fyrir „stórstormi andstyggilegra svívirðinga“ þar sem engu hafi verið eirt. Atlöggunni hafi ekki lokið þarna, þar sem við hafi bæst að annar ætlaður brotþoli hafi slegið ákærða kröftuglega með einhvers konar tösku í líkamann. Þegar hér hafi verið komið sögu hafi ákærði verið í senn hræddur og reiður. Hann hafi þá slegið frá sér til þess að verjast frekari árásum og hrindingum af hálfu ætlaðra brotþola.

Ákærði byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að ósannað sé í málinu að hann hafi slegið brotþola hnefahöggi í andlit. Hann hafi þvert á móti orðið fyrir árás af hálfu brotþola og hafi ýtt þeim frá sér og veifað höndum til varnar, en engan ásetning haft fyrir því að hendur hans lentu í andliti brotþola, hafi svo verið.

Til vara krefst hann þess að við ákvörðun refsingar verði litið verði til 3. mgr. 218. gr. c. í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sem og 4. töluliðar 1. mgr. 74. gr. sömu laga og að atvik máls þessa eigi að réttu að leiða til þess að honum verði ekki gerð refsing í málinu. Vísar ákærði til þess að honum hafi staðið ógn af brotþolum, enda hafi brotþoli C slegið ákærða svo séð hafi á honum og báðir brotþolar ítrekað ráðist gegn honum með svívirðingum, ofbeldi og hrindingum. Þá hafi sömu brotþolar einnig slegið ákærða með tösku og skvett framan í hann úr heilu glasi af áfengi. Telur ákærði að sjá megi af sönnunargögnum málsins að hann hafi orðið fyrir árás brotþola sem leitt hafi til átaka sem ekki hefðu orðið nema fyrir tilstilli brotþola.

Komi til þess að ákærða verði gerð refsing telur hann að framangreind sjónarmið eigi að leiða til þess að sú refsing verði hin vægasta sem lög frekast leyfa og að öllu leyti skilorðsbundin, en einnig að skilyrði séu til þess að ákveða refsingu lægri en nemur

refsilágmarki ákvæðisins, sbr. fyrirnefndan 4. tölulið 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga.

Til stuðnings kröfum sínum vísar ákærði til almennra hegningarlaga nr. 19/1940, meginreglna sakamálaréttarfars, laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og 69. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, allt eftir því sem við eigi. Kröfu um málsvarnarlaun til handa verjanda byggir hann á XXXIV. kafla laga nr. 88/2008.

Einkaréttarkröfur

Brotþolar hafa, hvor um sig, krafist miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 1.000.000 króna, með nánar tilgreindum vöxtum, eins og nánar er lýst hér að ofan. Bótakrafan var birt fyrir ákærða 26. apríl 2022. Í bótakröfum var einnig farið fram á greiðslu 500.000 króna til hvors brotþola vegna sjúkrakostnaðar og tjóns á fatnaði. Í hinni skriflegu bótakröfu eru síðarnefndu kröfurnar ekki rökstuddar sértaklega eða studdar gögnum. Við aðalmeðferð var fallið frá þeim kröfum.

Bótakröfur beggja brotþola eru nánast eins orðaðar og því ekki ástæða til að rekja þær hvora fyrir sig. Er á því byggt að ákærði hafi gerst sekur um hegningarlagabrot gagnvart þeim framið af ásetningi og beri skaðabótaábyrgð á samkvæmt almennri sakarreglu íslensks réttar og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Sé líkamsárás almennt til þess fallin að valda miskatjóni og beri bætur fyrir slíka háttsemi að ákvarða eftir því sem sanngjarnt þyki að teknu tilliti til alvarleika brotsins, sakarstigs hins brotlega, huglægar upplifanir brotþola og umfang tjóns. Sé bótakrafan í fyrsta lagi byggð á því að brotið hafi verið alvarlegt. Samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga beri að taka mið af eðli verknaðar við mat á bótum. Í málinu sé á því byggt að brotið sé mjög alvarlegt þar sem ákærði hafi beitt brotþola ofbeldi og föst hnefahögg í höfuð geti haft alvarlegar afleiðingar. Þá er byggt á að brotið hafi verið framið af ásetningi og algjöru skeytingarleysi um afleiðingar þess um ókomna framtíð fyrir brotþola. Loks byggja brotþolar á umfangi tjónsins og afleiðingum brotsins. Brotþoli hafi fengið áverka og hafi liðið illa frá því árásin hafi átt sér stað. Þá sé mögulegt að andlegar afleiðingar brotsins séu ekki að fullu komnar fram og brotþolar muni þurfa að glíma við þær um ókomna tíð, auk þess sem brotin séu almennt til þess fallin að vekja mikinn óhug og vanlíðan hjá brotþolum.

Til stuðnings kröfum sínum vísar brotþolar til XXVI. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Málskostnaðarkrafa sé byggð á 48. gr. sömu laga, sbr. 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Vaxta-

og dráttarvaxtakröfur séu byggðar á 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa sé um að við ákvörðun málskostnaðar sé tekið sé mið að skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af málflutningsþóknun lögmanns, sbr. lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Í greinargerð ákærða er framangreindum kröfum mótmælt og einkum vísað til þess að við mat á miskabótum beri m.a. horfa til umfangs tjóns, sakar tjónvalds og fjárhagsstöðu hans. Miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 séu greiddar vegna tímabundins miska sem valdið sé af stórfelldu gáleysi eða ásetningi. Vísað er til þess að ákærði hafi nálgast brotþola í þeim tilgangi að athuga ástand vinar síns sem staðið hafi hjá brotþolum. Þegar til ryskinga hafi komið í kjölfar þess að C hafi hafi skvett úr glasi af áfengi í andlit ákærða og hafi slegið hann harkalega hafi ákærði reynt að verja sig gegn atlögu C og D. Enginn ásetningur hafi verið hjá ákærða til þess að valda nokkurri manneskju líkamsmeiðingum heldur hafi hann aðeins verið að verja sig. Hafi það verið D og C sem báðar hafi verið að slá frá sér og ýta ákærða og svívirða hann. Ákærði verði að njóta vafans í mati á þeirri huglægu afstöðu sem búið hafi að baki ætlaðri háttsemi hans. Ekki sé unnt að staðhæfa að ákærði hafi með ásetningi kýlt D og C líkt og haldið sé fram í bótakröfu.

Niðurstaða dómsins:

Mál þetta varðar atburði sem áttu sér stað rétt eftir lokun skemmtistaðar snemma morguns og voru ákærði og vitni öll undir áhrifum áfengis. Fyrir liggur að ákærði og þau vitni sem á staðnum voru þekkja hvert annað, í það minnsta í sjón. Brotþolar og vitnið F voru vinnufélagar og höfðu verið að skemmta sér saman um kvöldið, en ákærði var þarna staddur með kærustu sinni vitninu E. Vitnin G og H virðast ekki tengjast ákærða eða framangreindum vitnum utan að þekkja þau í sjón. Nokkurs misræmis gætir í framburði vitna um það hvar þau stóðu nákvæmlega þegar hin umdeildu atvik áttu sér stað og hvernig afstaða þeirra var til annarra vitna. Það er mat dómsins að þetta misræmi komi ekki að sök við úrlausn málsins, enda er unnt að sjá atburðarás í stórum dráttum er vitnisburðir eru metnir heildstætt.

Áður en fjallað verður um aðdraganda átakanna og hlut hvers og eins í þeim aðdraganda, sem og þá fullyrðingu ákærða að brotþolar hafi veist að honum og slegið hann ber að meta hvort það teljist sannað í málinu að ákærði hafi greitt brotþolum hvorri

um sig hnefahögg í andlit og þá einnig hvort þær afleiðingar sem lýst er í ákæru hafi af því hlotist. Að fenginni niðurstöðu um framangreind atriði eru sjónarmið um hvort og þá með hvaða hætti framferði brotþola hafi haft áhrif á framgöngu ákærða í umrætt sinn. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að ákærði kærði brotþola ekki vegna þeirra ofbeldisverka sem hann byggir á að þær hafi hvor um sig gert sig sekar um.

Fyrst skal líta til þess hvort sannað sé að ákærði hafi slegið brotþolann C hnefahögg í andlitið, með þeim afleiðingum að hún hafi fengið blóðnasir, lítið sár í vinstri nös og stirðleika og eymsl í hálsi. Ekki er um það deilt í málinu að brotþolinn C skvetti úr glasi með áfengi á ákærða og átti hið ætlaða brot sér stað í framhaldi þessa.

Ákærði kvaðst í skýrslu sinni fyrir dómi, ekki hafa slegið frá sér með krepptum hnefa, en hafa ýtt frá sér eftir að C hafi skvett úr glasi sínu framan í hann. Vitnið F kvaðst fremur telja að ákærði hafi ýtt við C í kjölfar þess að hún skvetti úr glasinu, en taldi ekki útilokað að ákærði hefði slegið hana. Vitnið E kvaðst ekki hafa séð hver sló hvern en hafa séð margar hendur á lofti. Vitnið G hafnaði því alfarið að hafa séð ákærða slá C og vék þar með frá framburði sínum hjá lögreglu. Skýrði hann breytingu á framburði sínum þannig að hann hefði verið undir áfengisáhrifum þegar hann hafi gefið skýrslu hjá lögreglu. Brotþolinn C bar að ákærði hefði brugðist við því að hún hafi skvett á hann úr glasinu með því að slá hana beint í andlitið með krepptum hnefa. Brotþolinn D bar með afdráttarlausum hætti um að hafa séð ákærða slá C með hnefahöggi í andlit og hafi hún þegar brugðist við og reynt að ganga í milli. Vitnið H mundi lítið eftir atvikum, en eftir að hann fékk að lesa yfir skýrslu þá er hann gaf hjá lögreglu staðfesti hann það sem þar stóð um að hann hefði séð ákærða slá C, en hann kvaðst ekki nú muna eftir að C hafi fengið blóðnasir.

Brotþolarnir C og D, bera á sama veg um að ákærði hafi greitt brotþolanum C hnefahögg í andlitið í kjölfar þess að hún skvetti úr glasi á hann. Er það mat dómsins að framburður brotþola beggja hafi frá upphafi verið stöðugur um þetta atriði og einkar trúverðugur. Þá liggur og fyrir að ákærði játaði í skýrslu fyrir lögreglu að hafa slegið C og að hún hefði fengið blóðnasir. Er það mat dómsins að breyttur framburður ákærða fyrir dómi sé ekki trúverðugur, frekar en skýringar hans á breytingunni, sem raktar eru hér að framan. Framburður vitnisins H var reikandi og þurfti hann að lesa skýrslu sína hjá lögreglu yfir áður en hann staðfesti að hann hefði séð ákærða slá C þannig að hún hefði fengið blóðnasir. Er sönnunargildi hans framburðar því metið með verulegum fyrirvara en dómurinn telur unnt að vísa til framburðarins til stuðnings framburði

brotapola. Þá telur dómurinn að sú málsvörn ákærða að högg hans hafi verið tilviljanakennd viðbrögð við því að áfengi hafi verið skvett á hann standist ekki og verður ekki á hana fallist, með vísan til framburðar þeirra vitna sem að framan er rakinn.

Á grundvelli þeirra vitnisburða sem lýst er hér síðast er það mat dómsins að ákærði sé sannur að sök um að hafa slegið brotapolann C einu sinni með krepptum hnefa í andlit og að leggja verði til grundvallar að hann hafi haft ásetning til brotsins. Með vísan til læknisvottorðs C sem lýsir því að hún hafi verið með lítið sár í vinstri nös, en einnig með vísan til skýrslu læknisins fyrir dómi, þar sem hún kvað sárið hafa borið með sér að úr því hefði blætt nýlega, er fallist á það með ákærvaldinu að sannað sé að afleiðingar höggs ákærða hafi verið blóðnasir. Er einnig þessu til stuðnings vísað að nýju til viðurkenningar ákærða á þessum afleiðingum í skýrslu sinni hjá lögreglu.

Á hinn bóginn er sá þáttur ákæru sem varðar að brotapolinn C hafi verið með „stirðleika og eymsl á hálsi“ ekki í samræmi við læknisvottorð hennar sem rekur þær afleiðingar til höggs sem C fékk á hökuna í körfuboltaleik fyrr um daginn. Þegar af þeirri ástæðu fellst dómurinn ekki á að þær afleiðingar megi rekja til höggs ákærða.

Þá verður um það fjallað hvort sannað sé að ákærði hafi slegið brotapolann D a.m.k. eitt hnefahögg í andlit. Það er framburður D að þegar hún hafi ætlað að ganga á milli C og ákærða hafi hann slegið hana hnefahöggi í andlitið og muni hún næst eftir því að liggja á jörðinni og að C hafi staðið yfir henni. Framburður vitnisins F er á sama veg að ákærði hafi veitt D hnefahögg í andlitið fyrirvaralaust og hafi hún fallið í jörðina vegna höggsins. Þá bar hann að hann telji að brotapolinn D hafi misst meðvitund við höggið og kvaðst byggja það á því að hún hafi ekki brugðist við tilraunum hans til að tala við hana eftir að hún hafi fallið. Brotapolinn C kvaðst ekki hafa séð ákærða slá D, en hún hafi séð að D lá á jörðinni og hafi hún farið að henni og reynt að tala við hana en hún ekki svarað fyrr en að nokkurri stund liðinni. Þá liggur fyrir að vitnið G kveðst hafa séð ákærða slá D, en sá atburður leiddi til þess að G lét átökin til sín taka. Kvað ákærði í skýrslu sinni fyrir dómi að G hafi sagt við hann „maður slær ekki stelpur“ er hann hafi veist að ákærða, en ákærði kvaðst hafa svarað „en veistu hvað þau gerðu við mig“. Þykja dóminum þessi orðaskipti sem ákærði lýsti í skýrslu sinni fyrir dómi renna stoðum undir framburði vitnanna D, F og G um að ákærði hafi slegið D. Með þeim vitnisburðum sem hér síðast eru raktir telur dómurinn sannað að ákærði hafi slegið D eitt hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hún féll í jörðina. Þá verður talið sannað með áverkavottorði sem fyrir liggur í málinu að afleiðingar höggsins hafi orðið bólga í kring um hægra auga,

skráma undir hægra auga og eymsl á nefhrygg. Hér verður einnig að hafna málsvörn ákærða um að hann hafi ekki haft ásetning til að slá D, enda samræmist það ekki framburði síðastnefndra vitna. Fær nefndur framburður ákærða reyndar ekki stoð í framburði neins vitnis sem gaf skýrslu fyrir dómi.

Sú háttsemi sem ákærði er sakfelldur fyrir, gagnvart hvorum brotþola fyrir sig, er réttilega heimfærð í ákæru til 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er kveðið á um að hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segi, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum, en fangelsi allt að 1 ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaverð. Ákærði krefst þess í fyrsta lagi að honum verði ekki gerð refsing í málinu. Vísar hann einkum til 3. mgr. 218. gr. c almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en einnig til 4. töluliðar 1. mgr. 74. gr., sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar sömu laga því til stuðnings. Byggir hann einkum á því að hann hafi gengið að brotþolum og vitninu F í því skyni að kanna með líðan þess síðastnefnda, sem og að spyrjast fyrir um „eftirpartí“ og hafi brotþolar þá veist að honum með svívirðingum og barsmíðum, sem og því að skvetta úr glasi yfir hann. Hafi það því verið hann sem sætti árás af hálfu brotþola. Vitnin D, C og F bera öll um að ákærði hafi komið að þeim og brotþolar hafi beðið hann að fara og láta þær í friði. Það hafi hann ekki gert og þrúspurt um hvar væri „eftirpartí“ þrátt fyrir að honum hefði verið sagt að þær vissu ekki hvar það væri. Vitnið G bar að ákærði virtist vera að „stríða“ brotþolum og þær verið að reyna að komast frá honum en ekki tekist. Fannst honum að ákærði hafi fremur verið gerandinn í þeim samskiptum. Frásagnir framangreindra vitna mæla gegn fullyrðingum ákærða um að brotþolar hafi að fyrra bragði veist að honum, sem og því að þær hafi ausið yfir hann „stórstormi andstyggilegra svívirðinga“ eins og ritað er í greinargerð hans. Hefur ekkert vitni borið um orðaskipti sem komast nærri því að verða lýst með tilvitnuðum orðum. Það er mat dómsins að ekkert það sem vísað er til í framangreindum aðdraganda átaka geti talið fela í sér árás sem kallað gæti á, eða réttlætt, sérstök viðbrögð af hálfu aðila Þá kemur hvergi fram í vitnisburði að þær hafi veist að honum með þeim hætti sem lýst er hér síðast. Staðfesti ekkert vitni fullyrðingar ákærða um að hafa verið sleginn í andlitið, eða með tösku eins og hann hefur haldið fram. Það kom þó fram hjá vitninu E að hún hafi óskað eftir því við lögreglumann að hann veitti athygli að ákærði hafi verið með sjáanlegan áverka í vinstri kinn. Liggja og fyrir í málinu myndir af slíkum áverka, eins og fyrr er lýst, sem ákærði kveður að foreldrar hans hafi tekið af honum eftir umrætt atvik. Í þessu

sambandi er rétt að geta þess að haft var eftir brotapolanum C í frumskýrslu að ákærði hafi lagt hendur á D, sem leitt hafi til þess að C hafi skvett úr glasi á ákærða, sem brugðist hafi við með því að slá hana í andlitið. D hafi brugðist við þessu með því að slá ákærða í andlitið en hann þá kýlt hana. Bókað er í frumskýrslu að framburður D og F hafi verið á sama veg um framangreint. Það er mat dómsins að framangreind bókun í frumskýrslu um framburð brotþola og vitnisins F á vettvangi, sem og tilvitnaður framburður vitnisins E leiði til þess að nægilegur vafi liggi fyrir, um hvort ákærði hafi verið sleginn í andlitið í umræddum átökum, til þess að leggja beri slíkt til grundvallar. Verður enda að meta allan skynsamlegan vafa ákærða í hag við sönnunarmat í sakamáli, sbr. m.a. 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Verður því lagt til grundvallar við úrlausn málsins að ákærði hafi, í kjölfar þess að brotapolinn C skvetti úr glasi yfir hann og hann sló hana, fengið högg á vinstri vanga. Á hinn bóginn þykir verða að leggja til grundvallar að þegar þetta gæti hafa gerst hafi árás ákærða þegar verið hafin og hugsanlegt högg sem hann hlaut því varnarviðbragð, sem að mati dómsins réttlætir á engan hátt hnefahögg ákærða í andlit D, sem vitnið F telur hafa verið mjög þungt og fær hans framburður einnig stoð í þeirri staðreynda að brotþoli D féll í götuna við höggið.

Fyrir liggur og er óumdeilt, eins og að framan greinir, að vitnið C skvetti úr glasi með áfengi á ákærða og að ákærði hafi brugðist við þeirri árás, með því að veita henni hnefahögg í andlit. Þá verður lagt til grundvallar að brotapolinn D hafi slegið ákærða í andlitið og hann slegið hana hnefahöggi í framhaldi, þannig að hún datt í götuna. Ber að hafa framangreindan þátt brotþola í huga við refsíákvörðun í málinu ákærða í hag, en telja verður viðbrögð ákærða langt umfram tilefni og þegar haft er einnig í huga að lagt er til grundvallar að aðdragandi þess að ákærði fékk yfir sig áfengi var að hann sýndi brotþolum ágengni, sem og að verða ekki við beiðnum þeirra um að láta þær í friði. Er það mat dómsins að umræddur aðdragandi brota ákærða hafi einungis lítilsháttar áhrif til refsímildunar í málinu.

Ákærði hefur, eins og fyrr greinir, vísað til ákvæða 3. mgr. 218. gr. c eða 4. töluliðar 1. mgr., sbr. 2. mgr., 74. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í fyrrnefnda ákvæðinu segir að sé líkamsárás unnin í áflogum eða átökum milli þess, sem henni veldur, og þess, sem misgert er við, sé heimilt að lækka refsingu eða jafnvel láta hana falla niður, þegar verknaður á undir 217. gr. Sama eigi við, ef sá, sem verði fyrir tjóni eigi upptök að átökum með árás, ertingum eða líku. Í síðarnefnda ákvæðinu er mælt fyrir

um refsingu þá, sem í lögum sé lögð við broti, megi færa niður úr lágmarki því, sem þar sé ákveðið, þegar svo standi á, að maður hafi framið brot í mikilli reiði eða geðæsingu, sem sá, er fyrir brotinu verði, hafi vakið hjá honum með ólögmati árás eða stórfelldri móðgun. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að heimilt sé þegar m.a. framangreint eigi við megi ákveða að refsing skuli falla niður að öllu leyti.

Að framan er því ítarlega lýst hvernig atvik voru að er brot ákærða voru framin. Með vísan til þeirra lýsinga, er ekki fallist á með ákærða að ástæða sé við ákvörðun refsingar hans að líta til síðastnefndra lagaákvæða. Við ákvörðun refsingar er einkum litið til 3. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem um var að ræða hnefahögg í höfuð, en slík högg geta haft alvarlegar afleiðingar, þó ekki virðist að svo hafi orðið í umrætt skipti. Brotapólinn D var áður kærasta ákærða og þykir því rétt eins og hér stendur á að líta til 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til þyngingar á refsingu. Er það og mat dómsins að árás ákærða hafi verið harkaleg og langt umfram tilefni, í garð beggja brotþola, en sérstaklega fyrrum kærustu sinnar og hefur þetta áhrif við refsiakvörðun til þyngingar.

Ákærða verður gerð refsing í einu lagi, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir hún, með vísan til þeirra sjónarmiða sem að framan eru rakin hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði. Ákærði hefur hreinan sakarferil og með vísan til þess þykir heimilt að fresta fullnustu þeirrar refsingar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í málinu hefur hvor brotþoli fyrir sig uppi skaðabótakröfu að fjárhæð 1.000.000 króna ásamt nánar greindum vöxtum og dráttarvöxtum.

Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir í máli þessu varð brotþólinn C ekki fyrir alvarlegum líkamlegum skaða við árás ákærða. Þá er ekki sýnt framá andlegan skaða umfram það sem almennt má ætla um þolanda brots af því tagi sem hér um ræðir. Sannað er í málinu að ákærði hafði ásetning til að slá brotþólanann C hnefahöggi í andlit, svo af hlutust blóðnasir. Ber ákærða að greiða henni miskabætur vegna þessa, sbr. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja bætur hæfilega ákveðnar 200.000 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði. Upphafsdagur dráttarvaxta er 26. maí 2022, en krafan var kynnt ákærða 26. apríl 2022. Þá verður ákærða gert að greiða brotþola málskostnað að fjárhæð 186.000 krónur og er virðisaukaskattur meðtalinn í þeirri fjárhæð. Við ákvörðun málskostnaðar er haft í huga að dæmdar bætur eru verulega lægri en sú krafa sem uppi var höfð, auk þess sem fallið var frá þriðjungi kröfunnar rétt

fyrir aðalmeðferð. Auk þess er haft í huga að sami lögmaður gætti hagsmuna beggja brotþola fyrir dómi.

Með sömu lagarökum verður ákærði dæmdur til að greiða brotþolanum D miskabætur. Áverkar þeir sem lýst er í ákæru verða ekki taldir verulegir, en haft er í huga að högg ákærða var nægilega þungt til að brotþolinn féll í jörðina og missti meðvitund um stund. Þá liggja fyrir í málinu vottorð sálfræðings og starfsmanns geðheilsuteymis [...] sem lýsa því að brotþolinn hafi átt í verulegum erfiðleikum við að komast yfir afleiðingar árásarinnar og hafi hún leitt til þess að fyrri erfiðleikar hennar, sem hún var samkvæmt umræddum vottorðum búin að ná góðum tókum á ýfðust upp aftur og sér ekki að fullu fyrir endann á þeim. Að þessu virtu þykja miskabætur henni til handa hæfilega ákveðnar 400.000 krónur, með vöxtum og dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði. Upphafsdagur dráttarvaxta er 26. maí 2022, en krafan var kynnt ákærða 26. apríl 2022. Þá verður ákærða gert að greiða málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 248.000 krónur og er virðisaukaskattur meðtalinn í þeirri fjárhæð. Við ákvörðun málskostnaðar er haft í huga að dæmdar bætur eru verulega lægri en sú krafa sem uppi er höfð, auk þess sem fallið var frá þriðjungi kröfunnar rétt fyrir aðalmeðferð. Auk þess er haft í huga að sami lögmaður gætti hagsmuna beggja brotþola fyrir dómi.

Þá verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað að fjárhæð 1.018.225 krónur. Er þar um að ræða ferðakostnað vitnis að fjárhæð 41.135 krónur, málsvarnarlaun verjanda ákærða, Ómars R. Valdimarssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 903.960 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, sem og ferðakostnaður verjandans að fjárhæð 73.130 krónur.

Við ákvörðun málsvarnarlauna er höfð hliðsjón af umfangi málsins, þeim tíma sem rekstur málsins tók fyrir dómi og ferðatíma verjandans. Ferðakostnaður verjandans, er annars vegar flugfar verjandans til Ísafjarðar og hins vegar kostnaður vegna leigu á bifreið til heimferðar lögmannsins. Það athugast að í þeim reikningum sem lagðir eru fram vegna þessa er um að ræða óskiptan reikning vegna flugs frá Reykjavík til Ísafjarðar og til baka, sem og reikning vegna leigu á bifreið til að aka frá Ísafirði til Reykjavíkur. Verður því miðað við að verjandi fái helming fyrrnefnda reikningsins greiddan. Að framangreindu gættu er fallist á ferðakostnað verjanda að fjárhæð 73.130 krónur. Ákvörðun framangreindra fjárhæða er byggð á reglum Dómstólasýslunnar nr. 1/2023.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Helgi Jensson lögreglustjóri, en af hálfu ákærða Ómar R. Valdimarsson lögmaður. Lögmaður beggja brotþola var Sigurður Freyr Sigurðsson lögmaður.

Halldór Björnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan 16. júní 2023 kl. 14.00. Gætt var ákvæðis 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en fyrir liggja yfirlýsingar frá sækjanda, verjanda og lögmanni brotþola um þeir telji endurflutning málsins óþarfan, þó liðinn sé lengri tími en fjórar vikur frá dómtöku.

Dómsorð:

Ákærði, Andri Snær Sigmundsson, sæti fangelsi í þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði sakarkostnað að fjárhæð 1.018.225 krónur og eru þar meðtalin málsvarnarlaun verjanda hans, Ómars R. Valdimarssonar lögmanns, 903.960 krónur og er virðisaukaskattur meðtalinn í þeirri fjárhæð, auk ferðakostnaðar verjandans að fjárhæð 73.130 krónur.

Ákærði greiði C 200.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðbætur, frá 13. mars 2022 til 26. maí sama ár og dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 186.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði, D, 400.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðbætur, frá 13. mars 2022 til 26. maí sama ár og dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 248.000 krónur í málskostnað.

Halldór Björnsson